

Hákon Jensson

Fornleifaskráning í Svartaskógi úr landi Syðri- Varðgjá í Eyjafjarðarsveit.



Búnaðarsamband Eyjafjarðar

Rannsóknarskýrslur 2025/2



**BÚNAÐARSAMBAND
EYJAFJARÐAR**

Forsíðumynd: Horft til norð-vestur frá Veigastaðavegi yfir hluta fornleifaskráningarsvæðisins.



©Hákon Jensson
Búnaðarsamband Eyjafjarðar,
Akureyri 2025/2

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR.....	1
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR.....	1
AÐFERÐIR.....	3
FORNLEIFASKRÁNING.....	3
SAMANTEKT.....	5
HEIMILDASKRÁ.....	6

1. Inngangur

Skýrsluhöfundur var beðinn að sjá um fornleifaskráningu á landspildunni Svartaskógi sem var áður hluti af jörðinni Syðri-Varðgjá í Eyjafjarðarsveit. Landspildan liggur vestan við Veigastaðaveg (828). Stærð hennar er um 3 ha og er stór hluti af henni þakinn trjágróðri. Árið 1994 hafði farið fram fornleifaskráning á svæðinu sem þarfnaðist uppfærslu út frá núverandi skráningarstöðlum. Skráning og úrvinnsla var í höndum Hákonar Jenssonar fornleifafræðings hjá Búnaðarsambandi Eyjafjarðar. Vettvangsskráningin fór fram í byrjun september 2024.

Verkefnisnúmer Minjastofnunar Íslands: 3392.

2. Tilgangur fornleifaskráningar

Megin markmið fornleifaskráningar er að tryggja varðveislu menningararfsins ásamt því að gera bæði sveitarfélögum og Minjastofnun kleift að móta stefnu í minjavörslu.¹ Til þess að fyrirbyggja að minjar verði fyrir skemmdum við framkvæmdir þá voru sett lög ákvæði að skráning á menningarminjum eigi sér stað áður en gengið sé frá deiliskipulagi eða aðalskipulagi. Jafnframt að sá kostnaður sem hlýst af við skráninguna skuli leggjast á þann sem ber ábyrgð á skipulagsgerðinni í samræmi við skipulagslögin.²

Í lögum um menningarminjar frá árinu 2012 í I. kafla, 3. grein er ítarleg upptalning á menningarminjum en samkvæmt þeim eru: „Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar.

Forngrípír eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngripa. Til forngripa teljast einnig leifar af líkömum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

¹ Heimasíða Minjastofnunnar.

² Heimasíða Minjastofnunnar.

- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.
- j. Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.”³

Varðandi verndun á fornleifum þá er því lýst nokkuð ítarlega í VI. Kafla, 21. grein að: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur

annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.”⁴

Þar sem fornleifar eru til staðar þá er ágætt að skoða svo VI. kafla, 22 grein í lögum um menningarminjar en þar er skýrt tekið fram að: „Fornleifum sem eru friðlýstar skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Friðhelgað svæði umhverfis aðrar fornleifar, sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar, skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið.”⁵

Þrátt fyrir að í fornleifaskráningunni finnst engar fornleifar þá er þó mikilvægt að hafa í huga VI. kafla, grein 24 í lögum um menningarminjar að: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.”⁵

Frá árinu 2013 hefur Minjastofnun verið með staðlaða skráningu fyrir fornleifar. Tilgangurinn með því var sá að samræma gögn og hafa ákveðna kröfu um lágmarksgæði skráningar. Þar af leiðandi ættu framkvæmdaaðilar og skráningaraðilar að hafa nokkuð góðar upplýsingar um kröfur Minjastofnunar til fornleifaskráningar til þess að hún geti tekið byggt sínar stjórnsýsluákvæðanir á.⁶

³ Heimasíða Alþingis.

⁴ Heimasíða Alþingis.

⁵ Heimasíða Alþingis.

⁶ Heimasíða Minjastofnunnar.

3. Aðferðir

Við skráningu fornleifa á staðnum var notast við skráningarstaðla Minjastofnunnar Íslands. Í undirbúningsvinnu og úrvinnslu var notast við ýmis konar heimildir og gögn, til dæmis loftmyndir frá Loftmyndum á map.is, örnefnaskrár, niðurhalsgögn, loftmyndir frá Landmælingum Íslands ásamt upplýsingum frá heimildarmanni. Til var fornleifaskráning af svæðinu frá 1994⁷ en var krafa um uppfærslu á þeirri skráningu út frá núverandi skráningar stöðlum og jafnframt að kanna hvort einhverjar fleiri minjar hefðu bæst við síðan þá.

Skýrsluhöfundur hafði þegar unnið við tvær fornleifaskráningar á jörðinni Syðri-Varðgjá og því orðinn nokkuð kunnugur staðarháttum og staðsetningu minjastaða. Fyrri skráningin var vegna deiliskipulags á íbúðarsvæði skammt austan við núverandi skráningarsvæði⁸ og seinni skráningin vegna hótél byggingar í landi Syðri- og Ytri-Varðgjár fast norðan við núverandi skráningarsvæði.⁹

Þegar öll þessi gögn höfðu verið skoðuð var gengið um svæðið. Kortavinna var unnin í Microstation v8i forritinu með loftmynd frá Loftmyndum ehf. frá 1998.

4. Fornleifaskráning

Fornleifaskráning:

Það kom mjög snemma í ljós í þessu verkefni að erfitt yrði að skoða svæðið vegna þess hve stór hluti af svæðinu er hulin trjágróðri. Var því mikið notast við gamlar loftmyndir, heimildir ásamt upplýsingum frá heimildarmanni. Engar minjar né heimildir um minjar fundust á svæðinu. Í örnefnaskrá Varðgjá og Austurhlíðar segir: „Út við Húsagil er Horngrýti, grýtt þríhyrna, skammt fyrir ofan Þjóðveginn. ...Hann klofnar um Litlu-Varðgjá og er önnur greinin bæjarlækur Syðri-Varðgjár, síðan bærinn var færður. Gamli bæjarlækurinn þar heitir Syðri-Varðgjárlækur. Kemur hann af sömu slóðum og Millibæjarlækurinn. Næstur er Húsagilslækur, en syðstur Stekkjarlækur í Stekkjargili.“¹⁰ Í Örnefnasjá Landmælinga Íslands liggja Húsagil og Húsagilslækur í gegnum norður hluta svæðisins.¹¹ Samkvæmt heimildarmanni þá vísa örnefnin líklega til útihúsa sem stóðu fyrir ofan Þjóðveginn og því töluvert fyrir utan skráningarsvæði.¹²

⁷ Orri og Adolf, 1994, bls. 72-74.


⁸ Hákon, 2019.

⁹ Hákon, 2022.

¹⁰ Örnefnaskrá Varðgjár og Austurhlíðar, bls. 5.

¹¹ Landmælingar Íslands – Örnefnasjá.

¹² Sveinn Egilsson, munnleg heimild.



nafn:	SVARTISKÓGUR	teikn.	13.01.2025 hj	Skýringar:	BÚNAÐARSAMBAND EYJAFJARÐAR
	EYJAFJARÐARSVEIT	mælikv.	1:2000 í A4	Afmörkun á fornleifarskráningarsvæði og lóðir / landspildur í nágrenninu.	Óseyri 2, 603 Akureyri, s: 460 4477, netf: bugardur@bugardur.is
				Unnið eftir mynd nr.	e575 frá Loftmyndir ehf. 1998

5. Samantekt

Landspildan Svartiskógur er töluvert fyrir utan gamla heimatúnið á Syðri-Varðgjá eins og það var teiknað á túnakortinu frá 1919. Þar sem flestar byggingar eru oftast innan eða nærri gamla bæjarstæðinu voru töluvert minni líkur á að mannvirki hafi verið innan skráningarsvæðis.

Ekki fundust neinar menningarminjar á staðnum við vettvangskönnun né í þeim heimildum sem voru skoðaðar. Í dag er stór hluti af svæðinu hulinn trjágróðri og því lítil yfirsýn yfir það. Á gömlum loftmyndum er hægt að sjá hvernig svæðið leit út áður en skógurinn breiddi úr sér yfir það, en á þeim sást ekki nein ummerki um mannvirki.

Það er þó ágætt að hafa í huga að þrátt fyrir að ekkert hafi fundist að alltaf sá möguleiki að fleiri minjar leynist leynist undir yfirborðinu þegar framkvæmdir hefjast. Verður þá að tilkynna fundinn til Minjastofnunnar sem tekur ákvörðun um framhaldið.

Akureyri, 28 febrúar 2025
Hákon Jensson

6. Heimildaskrá

Hákon Jensson. (2019). Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Kotru (Syðri-Varðgjá) í Eyjafjarðarsveit. Búnaðarsamband Eyjafjarðar. Rannsóknarskýrslur 2019/3.

Hákon Jensson. (2022). Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Syðri- og Ytri-Varðgjá í Eyjafjarðarsveit. Búnaðarsamband Eyjafjarðar Rannsóknarskýrslur 2022/9.

Heimasíða Alþingis. Lög um menningarminjar. Sótt af <http://www.althingi.is/altext/stjt/2012.080.html>. Skoðað 16.02.2019.

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráning fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/>. Skoðað 16.02.2019

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráningarstaðlar fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/skraningarstadlar/>. Skoðað 16.02.2019

Orri Vésteinsson og Adolf Friðriksson. (1994). Fornleifaskráning í Eyjafirði I: Fornleifar í Eyjafjarðarsveit norðan Hrafnagils og Þverár. Minjasafnið á Akureyri. Akureyri.

Landmælingar Íslands – Örnefnasjá. Sótt af <https://ornefnasja.lmi.is/mapview/?application=ornefnasja>. Skoðað 06.02.2025.

Heimildarmenn:

Sveinn Egilsson, 1958, Brekkulæk, Eyjafjarðarsveit.

Örnefnaskrár:

Varðgjá og Austurhlíð. Örnefni í Öngulsstaðahreppi. Jóhannes Óli Sæmundsson. Örnefnastofnun.